

**Ágætu foreldrar/forráðamen.**

Gleðilegt ár og bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

**Litlu jól á þrettándanum**

Litlu jólin sem fresta varð vegna veðurs 19. desember síðastliðnn verða á morgun þriðjudaginn 6. janúar. Þau hefjast strax um morguninn kl. 8:40. Þá á hver umsjónarhópur stund með sínum umsjónarkennara eins og hefð er fyrir. Á litlu jólunum koma allir með pakka fyrir pakkaskipti. Við viljum leggja áherslu á að kostnaði við gjafirnar á að vera stillt í hóf, að hámarki 500-1000 kr. og einnig þarf að gæta þess að gjafirnar geti höfðað til allra í bekknum/samkennsluhópnum þar sem enginn veit fyrirfram hver fær hvaða pakka. Kl. 9:30 verður farið niður í félagsheimili, dansað kringum jólatré og endað í morgunmat sem verður að sjálfsögðu í takt við litlu jólin. Að lokinni dagskrá um 10:30 tekur við hefðbundið skólastarf en skóladagurinn verður ekki stytur. Þar sem um er að ræða að hluta til hefðbundinn skóladag með tilheyrandi frímínútum og tímum verður að hafa í huga að spariföt sem annars væru við hæfi á litlu jólum eru ef til vill ekki hentug. Það er þó fyllilega leyfilegt að hafa með sér föt eða finna meðalveg í þeim málum.

**Prófavika**

Í næstu viku er prófavika frá og með mánudeginum 12. janúar. Fyrirkomulag á prófaviku er eins og vant er að nemendur eru í prófum eingöngu fyrir hádegi. Skóli hefst á sama tíma og vanalega en í stað hefðbundinnar stundaskrár eru tvær prófalotur, fyrir og eftir morgunmat. Heimakstur er kl. 12:00 en hádegismatur er ekki í boði.

**Starfsdagur**

Föstudaginn 16. janúar er starfsdagur vegna einkunnavinnslu en þá eiga nemendur frí.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*